

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 142/2003

frá 7. nóvember 2003

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2003 frá 26. september 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2382/2002 frá 30. desember 2002 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 ⁽²⁾, skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 223/2003 frá 5. febrúar 2003 um kröfur sem gerðar eru um merkingar í tengslum við lífræna framleiðslu fóðurs, fóðurblandna og fóðurefna og breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 ⁽³⁾, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91):
 - „- **32002 R 2382**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2382/2002 frá 30. desember 2002 (Stjtíð. EB L 358, 31.12.2002, bls. 120),
 - **32003 R 0223**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 223/2003 frá 5. febrúar 2003 (Stjtíð. ESB L 31, 6.2.2003, bls. 3).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzf (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1788/2001):
 - „54zzg. **32003 R 0223**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 223/2003 frá 5. febrúar 2003 um kröfur sem gerðar eru um merkingar í tengslum við lífræna framleiðslu fóðurs, fóðurblandna og fóðurefna og breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 (Stjtíð. ESB L 31, 6.2.2003, bls. 3).“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 331, 18.12.2003, bls. 18 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 64, 18.12.2003, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 358, 31.12.2002, bls. 120.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 31, 6.2.2003, bls. 3.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 2382/2002 og 223/2003, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 8. nóvember 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2003.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Prins Nikulás af Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.